# Orkuveita Reykjavíkur

Samstæða

Samandreginn árshlutareikningur

1. janúar til 31. mars 2016

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Kt. 551298-3029

# Efnisyfirlit


| | Bls. |
|---|---|
| Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra | 3 |
| Rekstrarreikningur | 4 |
| Yfirlit um heildarafkomu | 5 |
| Efnahagsreikningur | 6 |
| Eiginfjáryfirlit | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2016 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga*. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning OR og dótturfyrirtækja. Árshlutareikningur þessi er ekki kannaður af óháðum endurskoðanda fyrirtækisins.

Hagnaður af rekstri samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2016 nam 2.535 milljónum kr. (1.1.-31.3.2015: 3.276 milljónum kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 304.784 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2015: 310.990 milljónum kr.). Eigið fé nam 114.756 milljónum kr. í lok tímabilsins (31.12.2015: 114.771 milljónum kr.) og er eiginfjárhlutfall samstæðunnar 37,7% (31.12.2015 36,9%).

| Í upphafi ársins sem og í lok tímabilsins voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru: | Eignarhluti |
|---|---|
| Reykjavíkurborg | 93,539% |
| Akraneskaupstaður | 5,528% |
| Borgarbyggð | 0,933% |

## Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal *IAS 34 um árshlutareikninga.* Að áliti stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu samstæðunnar 31. mars 2016 ásamt rekstrarafkomu hennar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2016.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 31. mars 2016.

Reykjavík, 23. maí 2016.

Í stjórn fyrirtækisins:

*Brynhildur Davíðsdóttir*
*Sigríður Rut Júlíusdóttir*
*Valdís Eyjólfsdóttir*
*Gylfi Magnússon*
*Kjartan Magnússon*
*Áslaug Friðriksdóttir*

Forstjóri:
*Bjarni Bjarnason*

# Rekstrarreikningur
# 1. janúar til 31. mars 2016

| | Skýr. | 2016<br>1.1.-31.3. | 2015<br>1.1.-31.3. | |
|---|---|---|---|---|
| Rekstrartekjur | | 11.335.586 | 11.100.584 | * |
| Söluhagnaður | | 0 | 9.325 | |
| Rekstrartekjur samtals | 3 | 11.335.586 | 11.109.909 | |
| Orkukaup og orkuflutningur | | ( 1.635.384) | ( 1.868.054) | |
| Laun og launatengd gjöld | | ( 1.380.213) | ( 1.096.453) | |
| Annar rekstrarkostnaður | | ( 1.063.369) | ( 915.432) | * |
| | | ( 4.078.966) | ( 3.879.939) | |
| **Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)** | | 7.256.620 | 7.229.970 | |
| Afskriftir | | ( 2.406.198) | ( 2.399.343) | |
| **Rekstrarhagnaður (EBIT)** | | 4.850.422 | 4.830.627 | |
| Vaxtatekjur | | 15.410 | 122.088 | |
| Vaxtagjöld | | ( 1.112.318) | ( 1.094.634) | |
| (Önnur gjöld) tekjur af fjáreignum og fjárskuldum | | ( 782.579) | 164.246 | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | 4 | ( 1.879.486) | ( 808.299) | |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | | ( 3.369) | 0 | |
| Hagnaður fyrir tekjuskatt | | 2.967.566 | 4.022.328 | |
| Tekjuskattur | | ( 432.450) | ( 746.263) | |
| **Hagnaður tímabilsins** | | 2.535.117 | 3.276.065 | |

* Framsetningu breytt, sjá skýringu 2c

# Yfirlit um heildarafkomu
# 1. janúar til 31. mars 2016

| | 2016<br>1.1.-31.3. | 2015<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Hagnaður tímabilsins | 2.535.117 | 3.276.065 |
| **Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning** | | |
| Þýðingarmunur | ( 2.549.885) | 4.236.809 |
| | ( 2.549.885) | 4.236.809 |
| Tekjur og gjöld færð beint á eigið fé, eftir skatta | ( 2.549.885) | 4.236.809 |
| **Afkoma tímabilsins auk tekna og gjalda sem eru færð beint á eigið fé** | ( 14.768) | 7.512.874 |

# Efnahagsreikningur 31. mars 2016

| | Skýr. | 31.3.2016 | 31.12.2015 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | | 273.050.634 | 278.311.167 |
| Óefnislegar eignir | | 1.372.039 | 1.366.036 |
| Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum | | 59.381 | 62.750 |
| Eignarhlutar í öðrum félögum | | 2.907.914 | 2.907.914 |
| Áhættuvarnarsamningar | | 209.956 | 443.324 |
| Tekjuskattseign | | 5.372.444 | 5.458.992 |
| Fastafjármunir samtals | | 282.972.367 | 288.550.184 |
| Birgðir | | 614.005 | 610.407 |
| Viðskiptakröfur | 5 | 6.291.129 | 4.634.866 |
| Áhættuvarnarsamningar | | 767.663 | 805.795 |
| Aðrar fjáreignir | | 8.464.021 | 8.713.156 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 688.583 | 502.759 |
| Bundnar innstæður | | 0 | 554.381 |
| Markaðsverðbréf | | 1.409.987 | 1.353.894 |
| Handbært fé | | 3.576.620 | 5.264.079 |
| Veltufjármunir samtals | | 21.812.008 | 22.439.337 |
| **Eignir samtals** | | 304.784.375 | 310.989.521 |
| **Eigið fé** | | | |
| Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna | | 75.075.378 | 75.808.678 |
| Gangvirðisreikningur | | 2.445.000 | 2.445.000 |
| Þýðingarmunur | | 2.688.776 | 5.238.661 |
| Óráðstafað eigið fé | | 34.547.262 | 31.278.845 |
| **Eigið fé samtals** | | 114.756.416 | 114.771.184 |
| **Skuldir** | | | |
| Vaxtaberandi skuldir | | 140.078.578 | 146.346.901 |
| Lífeyrisskuldbinding | | 558.994 | 542.661 |
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum | | 10.712.928 | 11.095.112 |
| Áhættuvarnarsamningar | | 2.320.792 | 2.320.623 |
| Tekjuskattsskuldbinding | | 7.821.078 | 7.619.437 |
| Langtímaskuldir samtals | | 161.492.369 | 167.924.734 |
| Viðskiptaskuldir | | 1.513.427 | 2.240.135 |
| Vaxtaberandi skuldir | | 19.350.867 | 19.288.436 |
| Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum | | 1.988.767 | 2.097.051 |
| Áhættuvarnarsamningar | | 1.748.778 | 1.755.978 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 3.933.752 | 2.912.003 |
| Skammtímaskuldir samtals | | 28.535.590 | 28.293.603 |
| **Skuldir samtals** | | 190.027.960 | 196.218.337 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 304.784.375 | 310.989.521 |

# Eiginfjáryfirlit
# 1. janúar til 31. mars 2016

| 1.1.-31.3. 2016 | Endurmats-reikningur rekstrarfjárm. | Gangvirðis-reikningur | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2016 ........................... | 75.808.678 | 2.445.000 | 5.238.661 | 31.278.845 | 114.771.184 |
| Þýðingarmunur ....................................... | | | ( 2.549.885) | | ( 2.549.885) |
| Hagnaður tímabilsins ............................. | | | | 2.535.117 | 2.535.117 |
| Heildarafkoma ........................................ | 0 | 0 | ( 2.549.885) | 2.535.117 | ( 14.768) |
| Innlausn endurmats vegna afskrifta ........ | ( 733.300) | | | 733.300 | 0 |
| Eigið fé 31. mars 2016 ........................... | 75.075.378 | 2.445.000 | 2.688.776 | 34.547.262 | 114.756.416 |

| 1.1.-31.3. 2015 | Endurmats-reikningur rekstrarfjárm. | Gangvirðis-reikningur | Þýðingar-munur | Óráðstafað eigið fé | Samtals eigið fé |
|---|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 2015 ........................... | 69.446.324 | 1.760.000 | 4.235.355 | 23.968.184 | 99.409.863 |
| Leiðrétting milli eiginfjárlykla 1.1.2015 .... | 1.420.868 | | ( 1.420.868) | | 0 |
| Þýðingarmunur ....................................... | 1.678.207 | | 2.558.602 | | 4.236.809 |
| Hagnaður tímabilsins ............................. | | | | 3.276.065 | 3.276.065 |
| Heildarafkoma ........................................ | 3.099.075 | 0 | 1.137.734 | 3.276.065 | 7.512.874 |
| Innlausn endurmats vegna afskrifta ........ | ( 707.761) | | | 707.761 | 0 |
| Eigið fé 31. mars 2015 ........................... | 71.837.638 | 1.760.000 | 5.373.089 | 27.952.009 | 106.922.737 |

# Sjóðstreymisyfirlit
# 1. janúar til 31. mars 2016

| | 2016<br>1.1.-31.3. | 2015<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | |
| Hagnaður tímabilsins | 2.535.117 | 3.276.065 |
| Leiðrétt fyrir: | | |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 1.879.486 | 808.299 |
| Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga | 3.369 | 0 |
| Tekjuskattur | 432.450 | 746.263 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | 2.406.198 | 2.399.343 |
| Lífeyrisskuldbinding, hækkun | 16.332 | 21.196 |
| Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta | 7.272.953 | 7.251.166 |
| Birgðir, lækkun (hækkun) | 1.729 | ( 45.917) |
| Skammtímakröfur, hækkun | ( 1.790.306) | ( 1.939.788) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | ( 75.629) | 779.688 |
| Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta | 5.408.748 | 6.045.150 |
| Innborgaðar vaxtatekjur | 2.172 | 171.689 |
| Greidd vaxtagjöld | ( 678.622) | ( 988.853) |
| Móttekinn arður | 1.218 | 2.390 |
| Greiðslur vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda | 264.609 | 15.336 |
| Handbært fé frá rekstri | 4.998.125 | 5.245.712 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | ( 3.062.662) | ( 1.086.469) |
| Fjárfesting í óefnislegum eignum | ( 21.136) | ( 26.494) |
| Breyting á bundnum innlánum | 554.381 | 1.500.144 |
| Breyting á markaðsverðbréfum | ( 56.093) | 0 |
| Fjárfestingarhreyfingar | ( 2.585.511) | 387.181 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Afborganir langtímaskulda | ( 4.049.499) | ( 3.966.219) |
| Skammtímalán, lækkun | 0 | ( 1.693.456) |
| Fjármögnunarhreyfingar | ( 4.049.499) | ( 5.659.674) |
| **Lækkun á handbæru fé** | ( 1.636.884) | ( 26.782) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 5.264.079 | 9.147.113 |
| **Áhrif gengisbreytinga á handbært fé** | ( 50.575) | 54.074 |
| **Handbært fé í lok tímabilsins** | 3.576.620 | 9.174.406 |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa** | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 49.965 | ( 149.246) |
| Skammtímaskuldir, breyting | ( 49.965) | 149.246 |
| **Aðrar upplýsingar** | | |
| Veltufé frá rekstri | 6.128.621 | 6.145.214 |

# Skýringar

## 1. Fyrirtækið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar á Íslandi að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samandreginn samstæðureikningur fyrirtækisins geymir árshlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfélaga þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum.

Samstæðan veitir þjónustu í gegnum félög sín sem reka orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu á þjónustusvæði sínu.

| | | Eignarhluti | |
|---|---|---|---|
| **Dótturfélög í samstæðunni** | **Meginstarfsemi** | **31.3.2016** | **31.12.2015** |
| Gagnaveita Reykjavíkur ehf. | Gagnaflutningar | 100% | 100% |
| OR Eignir ohf. | Eignarhaldsfélag | 100% | 100% |
| Veitur ohf. | Dreifing rafmagns og hita | 100% | 100% |
| Orka náttúrunnar ohf. | Sala rafmagns | 100% | 100% |
| OR Vatns- og fráveita sf. | Vatns- og fráveitustarfsemi | 100% | 100% |
| Reykjavík Energy Invest ehf. | Fjárfestingafyrirtæki | 100% | 100% |
| Úlfljótsvatn frítímabyggð ehf. | Undirbúningsfyrirtæki | 100% | 100% |

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

### a. *Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, árshlutareikningsskil. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2015. Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings fyrirtækisins fyrir árið 2015. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá fyrirtækinu eða á vef þess www.or.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Stjórn staðfesti og heimilaði birtingu ársreikningsins 23. maí 2016.

### b. *Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill*

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill fyrirtækisins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

### c. *Samanburðarfjárhæðir*

Samanburðarfjárhæðum í rekstrarreikningi hefur verið breytt til samræmis á nýrri flokkun á tekjum og öðrum rekstrarkostnaði í rekstrarreikningi. Breytingin hefur engin áhrif á niðurstöður rekstrarreiknings

### d. *Matsaðferðir*

Reikningsskil samstæðunnar eru gerð á grundvelli kostnaðarverðs, að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis, innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum, eignarhlutar í öðrum félögum og aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði. Fjallað er um aðferðir við mat á gangvirði í skýringum með ársreikningi 2015.

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.

### e. *Erlendir gjaldmiðlar*

**i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

**ii) Dótturfélag með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu**

Eignir og skuldir starfsemi félags samstæðunnar sem hefur bandarískan dollar (USD) sem starfrækslugjaldmiðil eru umreiknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þessarar starfsemi eru umreiknuð í ISK á meðalgengi ársins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

### f. *Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða*

Gerð samstæðuárshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

## 3. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir innri upplýsingagjöf fyrirtækisins. Starfsþættir sem eru birtir eru *Veitur,* sem samanstanda af veiturekstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, *Orka náttúrunnar* vegna samkeppnisreksturs í framleiðslu rafmagns og heits vatns auk *Annarrar starfsemi* sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins og *Gagnaveitu Reykjavíkur*.

Við gerð starfsþáttayfirlits er notast við sömu reikningsskilareglur og samstæðan notast við og lýst er í skýringum með ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2015.

| **Rekstrarstarfsþættir - svið** | | **Orka** | **Önnur** | **Jöfnunar-** | |
|---|---|---|---|---|---|
| **1.1.-31.3. 2016** | **Veitur** | **náttúrunnar** | **starfsemi** | **færslur** | **Samtals** |
| Tekjur frá þriðja aðila | 7.645.463 | 3.187.915 | 502.209 | 0 | 11.335.586 |
| Tekjur innan samstæðu | 417.702 | 1.336.161 | 1.132.024 | ( 2.885.887) | ( 0) |
| Tekjur starfsþátta | 8.063.166 | 4.524.075 | 1.634.233 | ( 2.885.887) | 11.335.586 |
| Rekstrargjöld starfsþátta | ( 3.313.754) | ( 2.082.372) | ( 1.568.727) | 2.885.887 | ( 4.078.966) |
| Rekstrarhagnaður starfsþátta, EBITDA | 4.749.411 | 2.441.704 | 65.505 | 0 | 7.256.620 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | ( 1.257.658) | ( 912.067) | ( 236.473) | 0 | ( 2.406.198) |
| Afkoma starfsþátta, EBIT | 3.491.753 | 1.529.637 | ( 170.968) | 0 | 4.850.422 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | ( 1.161.311) | ( 1.134.490) | ( 74.153) | 490.467 | ( 1.879.486) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 0 | ( 3.369) | 0 | ( 3.369) |
| Tekjuskattur | ( 304.687) | ( 40.160) | 88.965 | ( 176.568) | ( 432.450) |
| Hagnaður tímabilsins | 2.025.755 | 354.986 | ( 159.525) | 313.899 | 2.535.117 |

| **1.1.-31.3. 2015** | **Veitur** | **Orka náttúrunnar** | **Önnur starfsemi** | **Jöfnunarfærslur** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|---|
| Tekjur frá þriðja aðila | 7.127.979 | 3.470.942 | 545.408 | ( 34.420) | 11.109.909 |
| Tekjur innan samstæðu | 506.002 | 845.241 | 910.121 | ( 2.261.364) | 0 |
| Tekjur starfsþátta | 7.633.981 | 4.316.183 | 1.455.529 | ( 2.295.784) | 11.109.909 |
| Rekstrargjöld starfsþátta | ( 2.672.581) | ( 2.182.001) | ( 1.322.028) | 2.296.671 | ( 3.879.939) |
| Rekstrarhagnaður starfsþátta, EBITDA | 4.961.400 | 2.134.182 | 133.501 | 886 | 7.229.970 |
| Afskriftir og virðisrýrnun | ( 1.269.123) | ( 907.034) | ( 223.186) | 0 | ( 2.399.343) |
| Afkoma starfsþátta, EBIT | 3.692.277 | 1.227.148 | ( 89.685) | 886 | 4.830.627 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | ( 1.152.975) | 252.842 | 1.296.697 | ( 1.204.863) | ( 808.299) |
| Áhrif hlutdeildarfélaga | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Tekjuskattur | ( 360.810) | ( 398.416) | ( 419.995) | 432.958 | ( 746.263) |
| Hagnaður tímabilsins | 2.178.493 | 1.081.573 | 787.017 | ( 771.018) | 3.276.065 |

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

| | 2016<br>1.1.-31.3. | 2015<br>1.1.-31.3. |
|---|---|---|
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig: | | |
| Vaxtatekjur | 15.410 | 122.088 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | ( 960.121) | ( 909.785) |
| Ábyrgðargjald til eigenda 1) | ( 152.197) | ( 184.849) |
| Vaxtagjöld samtals | ( 1.112.318) | ( 1.094.634) |
| Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum | 490.467 | ( 1.202.662) |
| Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda á gangvirði í gegnum rekstur | ( 249.135) | 728.077 |
| Áhættuvarnarsamningar | ( 535.679) | ( 1.691.092) |
| Gengismunur | ( 489.450) | 2.326.275 |
| Arðstekjur | 1.218 | 3.648 |
| Önnur (gjöld) tekjur af fjáreignum og fjárskuldum samtals | ( 782.579) | 164.246 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals | ( 1.879.486) | ( 808.299) |

1) Samstæðan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda fyrirtækisins vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar Orkuveitunnar árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,375% (2015: 0,375%) á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,57% (2015: 0,55%) á lán vegna samkeppnisstarfsemi. Útreikningur gjaldsins er gerður miðað við stöðu lána í lok hvers ársfjórðungs. Ábyrgðargjaldið nam samtals 152 milljónum kr. á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2016 (1.1.-31.3.2015: 185 milljónum kr.) og er fært á meðal vaxtagjalda.

**Gangvirðisbreytingar gegnum rekstur**

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 35 í ársreikningi samstæðunnar fyrir árið 2015. Gangvirðisbreyting sem færð er til tekna í rekstrarreikningi vegna þessa á tímabilinu 1. janúar til 31. mars 2016 nemur samtals 241 milljónum kr. (1.1.-31.3.2015: gjaldfærsla 475 milljónir kr.).

## 5. Viðskiptakröfur og fyrirframinnheimtar tekjur

Staða viðskiptakrafna og fyrirframinnheimtra tekna breytist talsvert milli tímabila þar sem sala í smásölu er innheimt með jöfnum greiðslum en raun notkun sveiflast talsvert á milli tímabila. Einnig eru vatns- og fráveitugjöld reikningsfærð á fyrstu níu mánuðum ársins en þeim tekjum er dreift jafnt á allt árið. Skráning tekna fer eftir notkun og afhendingu þjónustunnar í samræmi við reikningsskilareglur.